

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR

- 1.1 Gæði og ending
- 1.2 Umhverfi og förgun
- 1.3 Þessi handbók
- 1.4 Mikilvægar mælingar
- 1.5 Stutt yfirlit

2. VÖRULÝSING

3. EIGINLEIKAR NETTI III

4. AUKAHLUTIR

- 4.1 Mjaðmarbelti komið fyrir og stillt
- 4.2 H-belti komið fyrir og stillt

5. NETTI III COMFORT SETTUR SAMAN

- 5.1 Umbúðir teknar
- 5.2 Aðalhjólin
- 5.3 Framhjól
- 5.4 Bak
- 5.5 Bakfallsvörn
- 5.6 Armar
- 5.7 Púðar
- 5.8 Fótahvílur
- 5.9 Keyrsluhandföng
- 5.10 Höfuðstuðningur

6. STILLINGAR

- 6.1 Hæð setu að framan
- 6.2 Framhjól
- 6.3 Gaffall að framan
- 6.4 Gráðustilling framgaffla
- 6.5 Hæð setu að aftan
- 6.6 Hraðlæsing afturhjóla
- 6.7 Aðalhjólin
- 6.8 Bremsur
- 6.9 Halli setu / Tilt

7. FLUTNINGUR

- 7.1 Stóllinn brotinn saman fyrir flutning
- 7.2 Flutningur með bifreið

8. AKSTUR OG STJÓRNUN

- 8.1 Akstur – almenn tækni
- 8.2 Akstur – upp þrep (hindrun)
- 8.3 Akstur – niður þrep
- 8.4 Akstur – halli
- 8.5 Akstur – upp stiga

- 8.6 Akstur – niður stiga
- 8.7 Flutningur í og út stólum
- 8.8 Jafnvægispunktur
- 8.9 Drifhringur / Ýtihringur

9. VIÐHALD

- 9.1 Viðhald
- 9.2 Þvottur og hreinsun

10. BILANAGREINING

11. GÆÐAPRÓF OG ÁBYRGÐ

12. MÁL OG ÞYNGD

1. INNGANGUR

Netti III er þægilegur hjólastóll sem nýtist jafn innan dyra sem utan. Hann er prófaður og samþykktur samkvæmt EN 12183:1999 staðli. TÜV Product Service GmbH í Þýskalandi sá um prófanir.

Stóllinn er einnig prófaður og samþykktur í árekstrarprófun samkvæmt ISO/FDIS 7176/19 stöðlum.

Við hjá Alu Rehab trúum því, að við val á hjólastól þurfi að eiga sér stað ítarlegt mat á þörfum notandans annars vegar, og kröfum umhverfisins hins vegar. Þess vegna er nauðsynlegt, að kynna sér vel möguleika og takmarkanir hjólastólsins.


Netti III hjólastóllinn er hannaður fyrir notendur sem þurfa þægind og góða álagsdreifingu.


Með því að nýta fjölbreytt úrval sætis- og bakpúða og stólgrind, sem gefur marga stillimöguleika, býður stóllinn upp á mjög fjölbreytt val setmöguleika.

Hjólastóllinn býður t.d. þann möguleika, að breyta sætisstöðu milli athafnar og hvíldar með því að beyta bæði set- og bakhalla.

Hámarkspungi notanda: 125 kg.

Með 55 cm og 60 cm breiðum sætum, hefur Netti III verið prófaður og viðurkenndur fyrir notendur allt að 150 kg.

 Tæknilýsingar eru breytilegar eftir sölulandi.



Gæði og ending

Netti hjólastólnum er ætlað að bæta lífsgæði, og hann á að vera tæki sem notandinn og aðstoðarfólk hans geta treyst. Netti hjólastólar eru prófaðir hjá TÜV Product Service GmbH í Þýskalandi, þar sem fylgt er evrópska staðlinum EN 12183:1999. Sem framleiðandi, metur Alu Rehab A.S. þessi próf sem jafngildi 5-6 ára venjulegri notkun stólsins. Fötlun notandans, sem og viðhald stólsins, ákvarða endingu hans. Af þessum sökum mun endingartíminn vera breytilegur og ákvarðast af þessum tveim þáttum.

1.1 Umhverfi og förgun

Alu Rehab og byrgjar okkar er annt um umhverfið. Við framleiðslu á Netti III hjólastólnum eru engin skaðleg efni notuð.

Förgun efnis og umbúða:

Allar umbúðir er hægt að endurvinna. Grind, fylgi- og aukahluti Netti III ætti að flokka með tilliti til



mismunandi efnis. T.d. málmhlutir, plast, bólstrun o.s.frv. Þessum hlutum ætti síðan að farga samkvæmt leiðbeiningum yfirvalda.

Netti III hjólastóllinn samanstendur af einingum, einstökum hlutum í samvirku kerfi. Auk þess, að það gerir hverjum notenda kleyft að velja milli mismunandi stillinga hjólastólsins, eru möguleikar á endurnotkun einstakra eininga. Það er bæði fjárhagslega skynsamlegt og umhverfisvænt.

Þessi handbók

Til þess að komist verði hjá skemmdum eða skaða við notkun Netti III, vinsamlegast lesið þessa handbók vel, áður en hjólastóllinn er tekin í notkun.



Tákn fyrir bannaða aðgerð. Stóllinn er ekki í ábyrgð ef þessar aðgerðir eru framkvæmdar.



Viðvörðunartákn. Þetta tákn merkir, að gæta þurfi varúðar.



Tákn fyrir mikilvægar upplýsingar.



Tákn fyrir góð ráð.



Tákn fyrir verkfæri.

Bakfallsvörn

Sé bakfallsvörn komið rétt fyrir og fest, tryggir hún, að stóllinn veltur ekki aftur fyrir sig. Við mælum eindregið með að hún sé notuð. Undantekning eru notendur með mikla reynslu af stólnum og getu til að nýta sér hann fullkomlega.

1.4 Mikilvægar mælingar

Netti III er hæginda hjólastóll til notkunar inni og úti. Hann er prófaður og samþykktur samkvæmt EN 12183:1999 staðli. TÜV Product Service GmbH í Þýskalandi sá um prófanir.



Tæknilýsingar geta verið breytilegar eftir sölulandi.

Breidd setu:



(Breidd stólsins ákvarðast af lengd milli ytri brúna röranna í efri ramma. Við þá lengd bætast 2,5 cm vegna fjarlægðar arma frá ramma. Samanlagt gefur það raunverulega setbreidd stólsins.)

35, 38, 40, 43, 45, 50, 55 og 60 cm

Dýpt setu:



(Mælt er frá fremri brún sætisplötu að hjörum baksins. Séu notaðir Smart-bakpúðar, dragið frá u.þ.b. 3 cm.)

40, 42,5, 45, 47, 5, 50 cm

Hæð setu:



(Mælt er frá gólfi að efri fleti sætisplötu, þegar hjólastóllinn er með 24" aðalhjól í efri stillingu. Staðlaður sætisþúði er +8 cm.)

45 cm*

*Með því að breyta stöðu aðalhjóra og / eða nota mismunandi stærð, er hægt að stilla sethæð frá 40cm – 48cm.)



Frekari upplýsingar fást hjá innflytanda.

Hæð stólbaks:




(Mælt er frá sætisplötu að franska rennilásnum (velcro), efst á bakinu.

48 cm*


*Hægt er að hækka bak í 60 cm með framlengingu.


1.5 Stutt yfirlit


Á þessari síðu finnur þú samantekt handbókarinnar, og fæst hér stutt yfirlit yfir notkun og meðferð Netti III hjólastólsins.


 **Þetta yfirlit er ekki ætlað að koma í staðin fyrir handbókina, einungis minnis- / gátblað.**


- Takið hjólastólinn úr umbúðum (Kafli 5.1)
- Aðalhjól sett á (Kafli 5.2)
- Framhjól sett á (Kafli 5.3)
- Lyftið bakinu og tengið gaspumpu við tækið með læsingarbolta (Kafli 5.4)
- Armar settir á (Kafli 5.6)
- Púðum komið fyrir (Kafli 5.7)
- Fóthvílum komið fyrir (Kafli 5.8)
- Keyrsluhandföng stillt (Kafli 5.9)
- Höfuðstuðning komið fyrir (Kafli 5.10)
- Fylgihlutir settir á (Sjá nánar kafla 4. Frekari leiðbeiningar fylgja með aukahlutum)


 **Komi upp vandamál við samsetningu er vísað til kafla 10. Stillingar eru teknar fyrir í köflum 5 og 6.**


 **Standið aldrei á fótstigum, því það gæti valdið því, að stóllinn velti fram yfir sig.**


 **Fótstig og armar eru ekki föst við stólinn. Takið því aldrei í þau þegar stólnum er lyft.**


 **Athugið hvort læsingar og öryggisskrúfur fyrir keyrsluhandföngin séu vel fest.**

 **Gætið ávallt vel að því, að aðalhjólin séu tryggilega fest. Loshnappurinn í öxlinum skal snúa út og öxulskaftið vel inni hulsunni.**

 **Hafið veltivörnina alltaf virka þegar bakið er í öftustu stöðu.**

 **Öryggis vegna ætti veltivörn ætíð að vera virk.**

 **Sérðu í vafa – hafðu samband við innflytjanda.**

 **Tæknilýsingar eru breytilegar eftir sölulandi.**

2. VÖRULÝSING (sbr. mynd á næstu síðu)

1. Keyrsluhandföng
2. Horn- og dýptarstilling fyrir höfuðstuðning
3. Stillistöng höfuðbúnaðar
4. Höfuðstuðningur
5. Læsing fyrir keyrsluhandföng
6. Höfuðstuðningsknegti
7. Stillihandfang – sethalli / Tilt
8. Stillihandfang bakhalla
9. Smart – bakpúði
10. Bakrör
11. Velcro bakdúkur
12. Aðalhjól
13. Handhringur / Ýtihringur
14. Sætispúði
15. Veltivörn
16. Hraðlæsing aðalhjóla
17. Armaknegti
18. Grind / Rammi
19. Tengirör
20. Bremsur
21. Legur fyrir framhjólagafla
22. Flytilosari fyrir framhjólagaflal
23. Framhjól
24. Gaffall framhjóla
25. Hæðarstillingarhjól fótahvílu
26. Hallastillingarhjól (fylgihlutur) fyrir fótplötur
27. Fótplötur
28. Læsibolti fyrir fótstig
29. Hallastilling fyrir fótstuðning
30. Kálfastuðningur
31. Kálfastuðningsknegti
32. Stillistöng fyrir fótstuðning
33. Hnépúði
34. Sætisplata
35. Losunarsveif fyrir arma
36. Armar með púða


* Athugið, að tæknilysingar eru breytilegar eftir sölulandi.



Ef einhver þessara hluta vantar, hafið samband við innflytjanda.



Nánari upplýsingar veitir söluaðili.



3. EIGINLEIKAR NETTI III

STAÐALBÚNAÐUR

Sæti

- Púði sem dreifir þrýstingi jafnt
- Halli / tilt: -11° til $+14^\circ$
- Stillanleg hæð: 40 – 48 cm
- Stillanleg sætisdypt er 10 cm

Hjól*

- 24" x 1" Aðalhjól með hraðlæsingu, sem ekki springa.
- Handhringur / Ýtirringur: Sporöskjulagað plast.
- 7" Framhjól með hraðlæsingu, sem ekki springa.

* Std. aðalhjól geta verið mismunandi eftir sölulandi

Bak

- Horn: $+2^\circ$ til -32°
- Hæð: 48 cm
- Bakpúðinn hefur bæði hrygg- og hliðarstuðning, og auðvelt er að stilla hæð hans.
- Keyrsluhandföng eru stillanleg og hægt að taka af.

Fótstuðningur

- Stillanlegt horn fyrir fóthvílur
- Hæð og horn stillanleg fyrir fótstig

Armar

- Hægt að fjarlægja, og hæð stillanleg
- Dýpt armpúða stillanleg

Höfuðstuðningur

- Hæð, dýpt og horn stillanleg
- Hægt að fjarlægja

FYLGIHLOTIR / MÖGULEGIR

Sæti

- Rennanlegt sæti (Sjá kafla 4)
- Borð, og lesstandur fyrir borð (Sjá kafla 4)
- Mjaðmarbelti og 4 punkta belt (Sjá kafla 4)

Hjól

- Aðalhjól, sem ekki geta sprungið (Sjá kafla 4)
- Loft í hjólum (Sjá kafla 4)
- Hjól með skálabremsum (Sjá kafla 4)
- Hjól með einnar handar stjórnun / drifi
- Halli hjóla (camber): 2° og 4° (Sjá kafla 4)
- Framhjól, sem ekki geta sprungið (Sjá kafla 4)
- Loft í framhjólum (Sjá kafla 4)
- Hjól til flutnings (Sjá kafla 4)
- JAP - eining (Sjá kafla 4)
- Teinahlíf (Sjá kafla 4)
- Handhringur (Sjá kafla 4)

Bak

- Framlenging á baki (Sjá kafla 4)
- Mjóhryggsstuðningur og fleygpúði (Sjá kafla 4)
- Bakpúðar

Fótstuðningur

- Fótstuðningur með föstu horni 68° , 75° eða 90°
- Löng stillistöng 350 mm
- Stutt stillistöng 160 mm
- Hné- og lærisstuðningur (Sjá kafla 4)

Armar

- Mismunandi armpúðar (Sjá kafla 4)
- Hemi-armor og Hemi-púðar (Sjá kafla 4)

Höfuðstuðningur

- Mismunandi gerðir (Sjá kafla 4)

4. AUKAHLUTIR

Belti

Nokkrar gerðir:
Mjaðmarbelti með
eða án bóls-
trunnar, og með
plast- eða
bílalæsingu. (Sjá
kafla 4.1 um uppsetningu.)



Festistöng fyrir H – belti

sem komið er fyrir á
keyrsluhand-
föngunum. Tvær
stærðir (Sjá kafla 4.2)



Borð

3 gerðir:
Með borðröri, röri
og læsingu eða fest
á armpúða.



Lesstandur



Bólstur fyrir borð

Býður upp á mjúka
armpúða ofaná borði



Hálf-borð

Lyftanlegt og bólstrað
hálf-borð, sem kemur
í staðin fyrir arm-
púðann.



Fleygpúði

Gefur betri
hliðarstuðning.



Fleygpúði til varnar
hliðarskriði,
mjóhryggspúði



Framlenging bremsu

90 mm
120 mm
250 mm



Skriðvörn (Vital Base)

Mjaðmarstuðningur




Setuppúðar

Úrval setupúða. Hafið
samband við söluaðila.



Bakpúðar

Úrval bakpúða. Hafið
samband við söluaðila.



Teinahlíf

Fyrir 20", 22" og 24".
Hægt er að velja á milli
gegnsæja og svarta.




Fótkassi

Bólstraður

Fótstuðningur:

Stillanleg horn

Föst: 68°, 75° og
90°



Universal

Stillanlegar stöður milli 33° til
105° með stilliskrúfu.

Amputation



Hné / læris stuðningur
Stuðningurinn kemur í veg fyrir, að fætur séu saman.



Kilpúði
Púðinn skorðar fætur.



Höfuðstuðningur
Stuðningur C, Stór
Stuðningur A,
Hliðarstuðningur
Stuðningur B, Líttill



Höfuðstuðningshlíf
Verndar aðalhluta höfuðhlífar.



Höfuðpúðar
40 x 40cm mjúkir púðar á höfuðstuðning til varnar sárum / þreytu



Höfuðpúða Comfort
Púði með Kospoflex fyllingu til að setja á höfuðpúða.



Framlenging baks
12 cm framlenging. Notast með 60 cm bakpúða.



Armpúðar
Breiðir: 415x80 mm
Langir: 445x70 mm
Langir / breiðir: 525x80 mm
Stuttir: 333x58 mm
Staðal: 385x58 mm
Armpúðar, bognir



Hemi - armstuðningur
Byður upp á aukin stuðning fyrir skaddaðan arm. Hægt að faststillast.



Hemi - púði
Mótast af notanda og gefur betri stuðning en Hemi - armstuðningurinn.



Púðar til þæginda
Hliðarpúðar í arma til varnar hliðarskriði og gefa stuðning. 2,5cm, 3,5cm og 4,5cm



Aðalhjól
Nokkrar gerðir: 12", 16", 20", 22", 24" og 26"




Handringir / Ýtihringir
Sporöskjulaga plast: 20", 22", 24", 26"
Mótað leðurgríp: 20", 22", 24", 26"



Einnar handar drif
20", 22", 24", 26" x 1 3/8"
20", 22", 24" x 1"
Til viðbótar þarf að panta telescopic tengistöng fyrir hjólin.



Framhjól
Nokkrar gerðir: 3", 4", 5", 6", 7" og 8"



Framgafflar



Staðal m/öxli
Langur m/öxli
Stuttur m/öxli
Víður m/öxli
Langur / víður m/öxli

Rennanlegt sæti

Hægt er, að draga sætið út og ýta því inn með notandan í sætinu. Þetta auðveldar flutning og að koma notanda í rétta setstöðu.



Comfort plata

Á plötunni er gat, sem ásamt sætispúðunum auka stöðugleika grindarbotns notanda.



Kálfapúðar á hjörum

Notandi þarf ekki að lyfta fætinum, þegar kálfapúðum er komið fyrir.



Hliðarstuðningur

Til að rétta setstöðu efri hluta búks. Best með sléttu baki, oftast 2 saman.



Púðar til skorðunar ásamt hliðarstuðningi



Hliðarstuðningsjafnari

Ætlað notendum með mjög skerta hreyfigetu efri hluta búks. Nýtist best ásamt 'stabil' og 'super stabil' bakpúðum.



Hliðarstuðningspúðar á 'stabil support'



Fótplata með læsingu

Fótslánni er hægt að lyfta og ýta til hliðar eins og staðal fótstuðningi.



Flutningshjól

Með hemlum, snúast 360°. Auðvelt er, að tilfæra stólinn á þröngum fleti. Auðveldar flutning.



JAP – eining

Notandinn getur setið í stólnum meðan skipt er um aðalhjól. Barkabremsa er tengd við aðalhemilinn. Hjólin snúast ekki.



Extra baklenging

Notast með sætisdypt: 54.5, 57, og 59 cm fyrir baggaspumpu.



Rafbúnaður

Fyrir halla / tilt, bak- og fótstuðning, saman eða hver fyrir sig.



Extra lengingar stólramma

Stækkar bilið milli aðalhjólanna og framhjólanna, sem minnkar hættu á veltu.



Bólstrun fyrir

kálfastuðning, sem gerir viðkomu mýkri.



Lyklasett



Mjaðmarbelti komið fyrir

Mynd 1

- Dragið beltið í gegnum gatið á beltisspennuninni.



Mynd 2

- Þræðið beltið aftur gegnum beltissylgjuna.



Mynd 3

- Komið beltisspennuninni fyrir í aftasta gatinu á baklóminni og notið skrúfur og rær sem fylgja.



Tvö stk. 13 mm tengur

4.2 H-belti komið fyrir og stillt

Mynd 1

- Fjarlægið keyrsluhandföngin og dragið festingu H – beltis upp á keyrsluhandfangið neðanfrá.



Mynd 2

- Komið keyrsluhandföngunum aftur fyrir og festið. Stillið stöngina í réttri stöðu og hæð. Hæðin miðast við hæðina á öxlum notanda.




Mynd 3

- Þræðið beltið um rúllurnar og festið það með því að draga það gegnum beltisfestinguna. Stillið síðan lengd beltisins.



5. NETTI SETTUR SAMAN



5.1 Umbúðir teknar

1. Takið utan af öllum hlutum stólsins, og gætið þess, að allt sé til staðar samkvæmt meðfylgjandi pökkunarlista.
2. Komið aðal- og framhjólum fyrir.
3. Festið bakið, arma, púða og fótstuðning.
4. Festið fylgihluti.

Nauðsynlegum verkfærum er lýst í hverjum kafla. Fylgihlutir, sem lýst er í 4. kafla, eru valmöguleikar, og leiðbeiningar fylgja þeim sérstaklega.

5.2 Aðalhjolin

- Setjið hraðlæsingarboltann inn í hjólnafið, og ýtið um leið á hnappinn í miðjunni.
- Gætið þess, að hjólið sér rétt fest með því að toga í það. Gætið þess einnig, að hemlarnir virki rétt.



Gætið ávallt að því, áður en stóll er tekin í notkun, að aðalhjólið sé rétt fest. Gætið einnig að því, að hemlarnir virki (sjá kafla 6.8).

5.3 Framhjól

- Ýtið á læsihnappinn undir framgafflinum.
- Komið hjólunum fyrir á gafflinum. Takið léttilega í gaffalinn, til að ganga úr skugga um, að hann sé tryggilega festur.



5.4 Bak


- Lyftið baki og komið gaskútum fyrir.
- Tryggið festingu baksins með því, að festa hliðarbolta á hliðum gegnum sylgjuna og hausinn á gaskútum.




5.5 Bakfallsvörn

- Stillið skorðurnar þannig, að þær nái ekki út fyrir radíus hjólsins.
- Dragið skorðurnar út / aftan frá stólgrindinni.
- Snúið það niður um 180°.
- Læsið þeim með því, að hreyfa stólinn áfram með fjaðrarspennu.




 Til að tryggja öryggi notanda, ætti ætíð að hafa skorðurnar á.

 Skorðurnar eru stilltar með tilliti til þeirrar hjólastærðar sem þöntuð var. Ef stólinn er stilltur frekar, þarf að stilla skorðurnar með tilliti til þess. Sjá kafla 6.12.

5.6 Armar

- Snúið losunarhandfanginu til hliðar og haldið.
- Stillið arma í viðeigandi hæð og sleppið losunarhandfanginu. Til að tryggja festingu, ýtið örmunum upp og niður þar til þeir læsast.





 Armpúðinn og læsiskrúfan er sett í miðstöðu. Þetta má stilla til þæginda fyrir notandan.

5.7 Púðar

Púðunum er komið fyrir og stilltir á hjólastólnum með því að nota Velcro-læsingu.



 Mikilvægt er, að púðunum sé komið rétt fyrir, til að tryggja þægindi við notkun.

 Púðaver er hægt að þvo og nota aftur. Farið eftir leiðbeiningum, sem finna má á baki púðanna um viðhald, þvott og þurrkun.

5.8 Fótstuðningur

Hægt er að stilla halla fótstuðnings, ýta til hliðar og taka af. Honum fylgir kálfa-stuðningur, sem hægt er að stilla hæð og dýpt. Fótplötur eru á hjörum og hægt að læsa í mismunandi stöðum. Læsibolti fylgir fótplötum, sem gerir þær sterkari (Sjá mynd efst á næsta blaði). Boltan er hægt að fjarlægja með því að nota splittitöng.



Valmöguleikar í fótstuðningi með Netti III :

- Föst horn: 68°, 75° og 90°.
 - Amputation-stuðningur.
- Sjá myndir í 4. kafla.

Fótstuðningi komið fyrir:

- Opnið horn á fótstuðnin um nokkrar gráður (t.d. 20°), miðað við stólinn, og komið honum fyrir í festingunni.
- Hliðrið fótstuðning innávið og ýtið lítilega niður í læsingarstöðu.



Fótstuðningur tekin af:

1. Lyftið fótstuðning lítilega uppávið.
2. Hliðrið honum 20° frá stólnum.
3. Lyftið og fjarlægjið.



Standið aldrei á fótplötunum vegna hættu á, að stóllinn velti fram yfir sig.



Lyftið ekki stólnum með því að taka í fótstuðninginn.

5.9 Keyrsluhandföng

Stilling keyrsluhandfanga:

- Losið spennuskrúfuna á hliðinni og lyftið handfanginu upp.
- Stillið handföngin af.
- Stillið hæð.
- Festið handfangið í réttri stöðu með því að herða spennuskrúfu.



Gætið þess ávallt, að handföngin séu tryggilega fest.



Athugið, hvort öryggisskrúfan sé rétt hert.



Þegar handföngin eru fjarlægð, þarf að fjarlægja botnskrúfuna.

5.10 Höfuðstuðningur

Höfuðstuðning komið fyrir:

- Setjið ferkönntuðu rónna í skorðu á höfuðstuðningsfestingunni.
- Setjið stillistöngina á festingu höfuðstuðningsfestingarinnar.
- Komið höfuðstuðningnum fyrir á festingunni.
- Hæð og dýpt höfuðstuðnings er stillt af, og staðan læst með því að herða stillistöngina.



- Til þess að breyta stillingu höfuðstuðnings, þarf að losa stillihjólið aftan á láréttu stönginni.
- Þegar höfuðstuðningur hefur verið komið fyrir, þarf að muna eftir, að festa stilliskrúfuna í miðju höfuðstuðningsfestingar.



Munið, að losa stangirnar, áður en höfuðstuðningur er stilltur.



Höfuðstuðningsknektið er fest ofan á stólgrindina með því að herða fjórar skrúfur, mótlæg horn (tvær skrúfur á móti hvor annarri). Mikilvægt er, að knektið sé fest þannig, að þrýstingur þessara fjögurra skrúfa sé jafn. Plasteiningarnar tvær sem festast saman skal ekki skrúfa saman að fullu.



Ef lóðrétt stöng keyrsluhandfangsins passar ekki ákkúrat í knektið, er það líklega hert of mikið eða ójafnt.




Höfuðstuðningsfestinguna má setja í mismunandi hliðarstillingar og horn með því að losa skrúfurnar. Fylgið leiðbeiningunum hér að ofan, til að festa hana aftur.

6. STILLINGAR

6.1 Hæð setu að framan

Hæð setu ákvarðast af:

- Stærð framhjóra.
- Stærð framgaffla.
- Athugaðu hornið á lagerhúsi hjólanna.




Athugið ávallt stillingu og stöðu skorðanna, þegar stillingum er breytt, vegna hættu á veltu.



Athugið hornið á lagerhúsinu. (sjá kafla 6.4)

6.2 Framhjól

Hægt er að breyta hæð stólsins með því að breyta hæð framhjólanna, gaffalsins eða stöðu hjólanna í framgaflinum. Losið hjólið, komið því fyrir og herðið á gafflinum í þeirri stöðu sem óskað er.



2 hlutir, 13 mm lyklar

6.3 Gaffall að framan


Flytilæsing á göflum er staðalbúnaður og er auðvelt að losa hann með því, að þrýsta á hnappinn fyrir ofan hjólið.



Athugið horn lagerhússins. (Sjá næsta kafla)

6.4 Stilling lagerhúss

Til að stóllinn láti vel að stjórn, er nauðsynlegt að stilla horn framgaffals rétt. Losið skruvurnar tvær innan á grindinni nægjanlega, til að stilla útstandandi rær af. Stillið horn lagerhúss þannig, að það sé 90° miðað við jörðu.



1 stk. 5 mm Allen-lykill




Ekki er hægt að stilla hæð lagerhússins (sjá kafla 6.2)

6.5 Hæð setu að aftan

Hæð setu að aftan ákvarðast af:

- Stærð aðalhjóls.
- Stöðu aðalhjóls.



Hætta á að stóllinn velti eykst, þegar aðalhjólin eru færð frammar í aðalhjóla-knegtinu.



Athugið veltivörnina.

6.6 Flytilosun aðalhjóla

Öxullinn í hjólnafinu er laus, og auðvelt er að losa hann með því, að ýta á hnappinn í miðju.



Gætið þess ávallt, að aðalhjólin séu tryggilega fest. Loshnappurinn í nafinu á ætíð að vísa út og öxullinn fastur í nafinu.

6.7 Aðalhjólin

Losið hulsuna ásamt skinnu og ró og komið hjólinu fyrir í þeirri stöðu sem óskað er í aðalhjólaknegtinu.



2 stk. 24 mm lyklar.



Athugið stilling bakfallsvarnarinnar.



Endurstillið hemla (sjá kafla 6.8)



Endurstillið horn lagerhúss (sjá kafla 6.4)

6.8 Bremsur

Auðvelt er að stilla hemla:

- Losið tvær skrúfur á hemlaskálunum og stillið u.þ.b. 10 mm frá aðalhjólinu með hemla í ólæstri stöðu.
- Gangið úr skugga um, að hemlar séu rétt stilltir, áður en hemlaskálar eru hertar.



Allen-lykill (5 mm)



Athugið að sumir stillingar aðalhjóls, hemilstangar og hemlastöðu getur gert það að verkum, að ekki er hægt að hliðra fótstuðningnum.



Virgni hemla er mismunandi eftir því hvers konar hjólbarðar eru notaðir. Hemlarnir eru ætlaðir sem stöðuhemlar og eiga ekki að notast í akstri.



Hemlaframlenging er aukahlutur.



Setja þarf hemla á neðra grindar-rör, þegar sumar stærðir aðalhjóla eru hafar í öftustu stöðu. Leitið nánari upplýsinga hjá söluaðila.

6.9 Sætishalli / Tilt

Sætishalla er stjórnað með handfangi á keyrsluhandfangi.

Hægt er að breyta hallanum frá -11° til $+14^\circ$.



Stíllhandfang fyrir sätishalla (tilt) er merkt þannig:



Ef hætta er á veltu, athugið stillingu bakfallsvarnar.


6.10 Dýpt setu að aftan

Sætisdýpt að aftan er hægt að stilla um 10 cm, og 10 cm að framan.

Stilling sætisdýptar að aftanverðu:

- Í baklóminni eru 5 göt með 2,5 cm millibili.
- Dýpt setu er hægt að breyta frá 40 – 50 cm (Mælt frá frambrún sætisplötu að bakrörinu, án bakúða).
- Framlenging fyrir gaspumpu er ofan á grind stólsins.
- Stutti læsipinninn er notaður við sætisdýpt 40 cm, 42,5 cm og 45 cm.

- Langi læsipinninn er notaður við sætisdypt 45 cm, 47.5 cm og 50 cm. (Einnig er hægt að fá langa baklöm, sem gefur möguleika á meiri dypt setu. Sjá kafla 4).



- Þegar stöðu baklamarinnar er breytt, þarf að muna, að breyta líka stöðu gaspumpu undir stólnum. Þrjú göt eru á upphengi - brakettinu. Þegar baklömin er sett í styrstu stöðu, er gasfjöðurinni komið fyrir í framgatinu og stutti læsipinninn notaður. Fyrir hverja stillingu sem baklömin er færð út, er gasfjöðurin færð um eina holu afturábak. Ef styttri læsipinninn er notaður, og gasfjöðurin kemur að aftasta gatinu, er byrjað aftur á framgatinu og langi læsipinninn notaður.



👍 Ef comfort – sætisplatan er notuð, er æskilegt, að skipta um sætisplötu, þegar sætisdypt er breytt. Sætisplatan fæst í dypt: 40 cm, 46 cm og 53 cm. Einungis er hægt að fá sætisdypt 40 cm og 46 cm með sætisbreiddum 35 cm og 38 cm.

👍 Hægt er að auka sætisdypt um nokkra cm með því að nota stilliböndin að aftan.

Stilling sætisdyptar að aftan:

- Losið tilt-gaskútinn með því að halla sætinu alla leið fram.
- Takið læsiboltann í bakinu út og hallið bakinu fram í sætið.
- Losið skrúfurnar sem festa baklömina, og komið bakinu fyrir í þeirri stöðu sem óskað er. Báðar hliðar baksins skal stilla samtímis.
- Komið skrúfum fyrir og herðið.
- Munið, að koma gaskútnum fyrir eins og lýst var hér að framan.



6 mm Allen-lykill og 13 mm töng



Þegar sætisdypt er breytt, breytist þyngdarpunktur stólsins einnig. Þetta er hægt að koma í veg fyrir með því, að breyta stöðu aðalhjólsins (Sjá kafla 6.7).

6.11 Dypt setu að framan

Sætisdypt að framan er hægt að stilla um 10 cm. Það er gert þannig:

- Losið skrúfuna sem festir fótstuðning.
- Komið fótstuðning fyrir í æskilegri stöðu.
- Herðið skrúfur.



7 mm Allen-lykill

👍 Með því, að stilla fótstuðning mismunandi, er hægt að taka tillit til notanda með snúinn grindarbotn eða mislanga lærleggi.

6.12 Bakfallsvörn

Bakfallsvörn þarf ætíð að endurstilla, þegar stærð aðalhjóra breytist. Rétt stillt bakfallsvörn á að vera rétt innan ríðisrúms aðalhjóls. Bakfallsvörn er þannig stillt:

- Losið læsiklappann á stönginn með Allen – lykli
- Dragið / Ýtið stönginni í rétta stöðu
- Herðið læsiklappann
- Gerið sama hinumegin



Allen-lykill, 6 mm



Athugið hvort bakfallsvörnin er jafnlöng báðu megin



Ef bakfallsvörn er utan við ríðisrúms aðalhjóra, er hætt við, að hún verði hamlandi í stigum og á gangstéttum

6.13 Fótstuðningur

Fótstuðningur er hægt að ýta til hliðar og fjarlægja. Til að auka stöðugleika og styrk, er tengitein komið fyrir milli fótaplata. Auðvelt er að fjarlægja teininn með tóngum. Ekki ætti að fjarlægja tengieininn, þegar notkun stólsins er þannig, að fótstuðningur verður fyrir miklu álagi.



Fótstuðningur komið fyrir:

- Lyftið fótstuðning um nokkrar gráður.
- Snúið fótplötum upp.
- Haldið um efra hornið á fótstuðning og komið honum fyrir í útdraganlega hlutanum eins og sýnt er á mynd hér fyrir neðan.
- Sveigið hann inná við og ýtið niður þar til hann er læstur.





Hæð fótplötu:

Fótplöturnar hafa stiglausu stillingu.

- Losið stillihjólið þannig, að hægt sé að færa stillistöngina.
- Stillið fótplöturnar í rétta hæð og herðið stillihjólið, eins og sést á myndinni fyrir neðan.



 Utan dyra ætti bilið frá jörðu að fótplötum að vera 4 – 5 cm

 Standið aldrei á fótplötum vegna hættu á veltu

Halli fótplötu:

Einnig er hægt að stilla horn fótplötu:

- Notið Allen-lykil, til að losa skrufuna eins og sést á mynd fyrir neðan.
- Stillið horn fótplötu og herðið.



Allen-lykill 5 mm



Stillihjól í stað skrufu er hægt að fá sem aukahlut.

Fótstuðningur fjarlægður:

- Dragið plastlæsingu fótplötunnar aftur þannig að teinninn losni og hægt sé að snúa fótplötunni upp.
- Hækkið fótstuðninginn um nokkrar gráður.
- Losið um fótstuðning með því að draga hann lítilega upp.
- Ýtið fótstuðning út á við.
- Lyftið og fjarlægðið.

Kálfastuðningur stilltur:

Hægt er að stilla bæði hæð og dýpt kálfastuðnings. Til að stilla hæð, er skrúfan á ytri hlið kálfastuðning losuð, hæð stillt, og skrúfa hert aftur.



Töng 10 mm



Til að stilla dýpt, er kálfastuðningur losaður með því að nota splittitöng. Stillið í rétta hæð og herðið.



Splittitöng 13 mm

6.14 Bakhalli

Halli baks er stilltur með því að nota handfang sem er á keyrslustönginni. Halli er stillanlegur á bilinu 4° framávið til 40° afturábak.



Sleppihandfangið hefur eftirfarandi tákni:



Hætta á veltu. Athugið stillingu bakfallsvarnar

6.15 Bakstillingar (velcro-bönd)



- Losið böndin, og setjið bakpúða þannig, að rass notanda og hryggstuðningur sé í réttum skorðum.
- Strekkið böndin þannig, að þau falli þétt að hryggnum og gefi auka stuðning við efsta hluta spjaldhryggjar.

7 FLUTNINGUR

Netti III er prófaður og samþykktur samkvæmt ISO/FDIS 7176/19 staðli.

7.1 Stóllinn brotinn saman fyrir flutning

- Fjarlægðu höfuðstuðning (kafli 5.10).
- Látið bakfallsvörn snúa upp (kafli 5.5).
- Snúið keyrsluhandföngum inná við (kafli 5.9).
- Losið arma (kafli 5.6).


- Losið fótstuðning (kafli 5.8).
- Fjarlægjið bakpúða (kafli 5.7).
- Losið læsibolta baks og hallið því framávið (kafli 5.4).
- Takið aðalhjólin af (kafli 5.2).
- Takið framhjólin af (kafli 5.3).

7.2 Flutningur með bifreið

Mikilvægt er að hafa í huga, að öll belti viðkomandi stólnum, til leiðréttingar á setstöðu notanda, eru ekki ætluð sem öryggisbelti í ökutæki á ferð.

Ef höfuðstuðningi er komið rétt fyrir, er hann stöðugur, en kemur ekki í staðin fyrir höfuðstuðning á sæti bílsins.

Miðar, sem sýna hvar bílbelti eru fest við stólinn, er að finna á 4 stöðum.



Mælt er með þriggja-punkta sætisbeltum, sem eiga að tryggja öryggi notanda, meðan á flutning með bíl stendur.

Á myndinni sést, hvar ólar af Q-Straint gerð eru notaðar.

Ef aftasta gatið á aðalhjólafestingunni er notað, skal setja "augn-bolta" í neðsta og aftasta gatið.

Númer augnbolta er: 21074



Notið krók eða ólar að framan. Að aftan er notaður krókur tengdur í hjólrámmann. Horn ólanna ætti að vera á bilinu 0-45°.

8 AKSTUR OG STJÓRNUN

8.1 Akstur – almennar reglur

Pungi og jafnvægi stólsins ákvarða hve auðveldlega hann lætur að stjórn. Pungi, stærð og setstaða notanda, sem og stilling hjólanna, hefur afgerandi áhrif á aksturs-eiginleika. Því meiri þungi sem er yfir aðalhjólum, því betur lætur hann að stjórn. Ef mikill þungi hvílir á framhjólum, verður stóllinn þungur í stjórn.

Fylgdarmaður:

Ef notandi er skilin eftir einn í hjólastólnum, skal gæta þess, að hemlar séu læstir og bakfallsvörnin snúi niður.

Stólnum lagt:

Aukið stöðugleika stólsins með því að draga hann u.þ.b. 10 cm afturábak, þannig að framhjólin snúi fram.

8.2 Akstur – upp þrep (hindrun)

Notendur: akstur upp um þrep (hindrun) framundan:

Aðeins fyrir notanda með mikla reynslu af hjólastólaakstri.

- Gætið þess, að veltivörnin snúi upp.
- Akið stólnum nálægt þrepinu.
- Látið jafnvægispunkt stólsins vera yfir aðalhjólunum þannig, að hægt sé að lyfta framhjólunum nægjanlega, til að þau komist upp á þrep.
- Takið þétt um handhringinn og færið líkaman fram um leið og ýtt er.



Látið veltivörnina snúa niður.

Fylgdarmaður, akstur upp um þrep (hindrun) framundan:

- Athugið að veltivörnin snúi upp.
- Hallið hjólastólnum aftur.
- Ýtið stólnum áfram, og lyftið keyrsluhandföngunum um leið og stólnum er ýtt upp á þrep.

Snúið veltivörnninni niður

Notandi aki upp þrep afturábak (þrep fyrir aftan):

Einungis er hægt að beita þessari tækni ef þrepið er mjög lágt, og fjarlægð (bil) fótplatna frá jörðu er nægjanlegt.

- Látið veltivörnina snúa upp.
- Akið stólnum afturábak að þrepinu.
- Takið þétt um handhjólið og hallið ykkur fram um leið og togað er.

Snúið veltivörnninni niður

Fylgdarmaður aki upp þrep afturábak (þrep fyrir aftan):

- Látið veltivörn snúa upp.
- Dragið stólinn afturábak að þrepinu.
- Hallið hjólastólnum eilítið afturábak og lyftið framhjólunum lítillega frá jörðu.
- Dragið hjólastólinn upp á þrepið og afturábak þangað til framhjólin eru komin inn yfir þrepið.

Snúið veltivörnninni niður



8.3 Akstur – niður þrep

Notendur: akstur niður um þrep framundan:

Aðeins fyrir notanda með mikla reynslu af hjólastólaakstri.

- Látið veltivörn snúa upp.
- Akið stólnum nálægt þrepinu.
- Takið þétt um handhringinn og ýtið kröftuglega áfram, þannig að stólinn komi niður á öllum fjórum hjólum samtímis.

Snúið veltivörnninni niður.

Fylgdarmaður aki niður þrep framundan:

- Snúið veltivörn upp.
- Hallið hjólastólnum aftur og lyftið framhjólum frá jörðu.
- Ýtið hjólastólnum gætilega niður þrepið, hallið rólega fram þannig að framhjólin komi við jörðu.


Snúið veltivörn niður

Notandi: akstur niður um þrep afturábak:

Aðeins fyrir notanda með mikla reynslu af hjólastólaakstri.

Ef hæð þreps er meira en 10 cm er ekki hægt að nota þessa tækni.

- Snúið veltivörn upp.
- Færið stólinn afturábak að þrepinu.
- Færið stólinn varlega afturábak um leið og líkamanum er hallað framávið til að halda stólnum í jafnvægi.

 Þegar þetta er gert, er alltaf hættu á að stólinn velti aftur fyrir sig!

Snúið veltivörn niður


Akstur afturábak niður þrep með aðstoðarmanni:


- Snúið veltivörn upp.
- Færið stólinn afturábak að þrepinu.
- Akið stólnum varlega á aðalhjólunum afturábak niður þrepið, þar til framhjólin eru komin frá þrepinu.
- Setjið framhjólin niður.


Snúið veltivörn niður

8.4 Akstur – halli

Mikilvæg ráð, til að forðast veltu, þegar ekið er upp eða niður brekku.

 Forðist að snúa stólnum í miðri brekkunni.

 Akið ávallt eins beint og mögulegt er.

 Það er betra að fá aðstoð en að taka áhættu.

Akstur upp brekku:

Hallið efri hluta líkamans framávið, til að ná betra jafnvægi í stólnum.


Akstur niður brekku:

Hallið efri hluta líkamans afturábak, til að stóllinn verði í betra jafnvægi. Stjórnid hraða stólsins með því, að halda um handhjólid. Notið ekki bremsur.




8.5 Akstur – upp stiga

 Biðjið ávallt um aðstoð.

 Notið aldrei rúllustiga, jafnvel þó aðstoðarmaður sé með.

Afturábak með aðstoðarmanni:

- Gætið þess, að veltivörn snúi upp og keyrsluhandföng tryggilega fest.
- Dragið stóllinn afturábak að fyrsta þrepi stigans.
- Hallið stólnum afturábak.
- Dragið hjólastóllinn varlega upp stigann, eitt þrep í einu, þannig að þyngdarmiðja sé yfir aðalhjólum.
- Þegar komið er upp stigann, er stóllinn dreginn nægjanlega langt aftur, til að hægt sé að setja framhjól in niður.

 Snúið veltivörnin niður.



Ef tveir hjálparmenn eru til staðar, getur annar aðstoðað við að lyfta stólnum að framan.



Haldið ekki í armana, þegar stólnum er lyft.



Aðstoðarmenn ættu að beita fótkröftum, þegar stólnum er lyft, til þess að hlýfa baki.

8.6 Akstur -niður stiga-



Notið aldrei rúllustiga, jafnvel með aðstoðarmann.

Akstur áfram með aðstoðarmanni

- Gætið þess, að veltivörnin snúi upp og keyrsluhandföng tryggilega fest.
- Akið stólnum að tröppunum.
- Hafið góð tök á keyrsluhandfanginu, látið þyngdarpunkturinn vera yfir aðalhjólum, og farið er eitt þrep í einu.
- Setjið framhjól in varlega niður, þegar komið er niður á gólfid.



Snúið veltivörnin niður.



Ef tveir aðstoðarmenn eru til staðar, getur annar aðstoðað með því, að lyfta undir stóllinn að framan.



Haldið ekki í fótstuðning, þegar stólnum er lyft.



Haldið ekki í arma, þegar stólnum er lyft.

8.7 Flutningur í og út stólnum

Mikilvægt er, að flutningur í og úr stólnum sé vel skipulagður og æfður af viðkomandi aðilum. Hér fyrir neðan eru góð ráð:

Með eða án fylgdarmanns – frá hlið.

Áður en farið er af stað:

- Stólnum er komið fyrir eins nálægt þeim stað, sem notandinn ætlar til, og hægt er.
- Til að láta framhjól in snúa fram, er stóllinn dregin afturábak, 5-10 cm.
- Læsið hemlum.
- Fjarlægið arma og fótstuðning á þeirri hlið, sem notandi ætlar úr stólnum.

Með eða án fylgdarmanns – að framan.
Áður en farið er af stað:


- Sólnum er komið fyrir eins nálægt þeim stað, sem notandinn ætlar til, og hægt er.
- Til að láta framhjólina snúa fram, er stóllinn dregin afturábak, 5-10 cm.
- Læsið hemlum.
- Hallið stólnum fram.

Með lyftu:

Áður en farið er í stólinn:

- Hallið stólnum aftur.
- Fjarlægjið höfuðstuðning.
- Fjarlægjið fótstuðning.
- Hallið bakinu lítillega.
- Komið stóllhlutum fyrir eins og áður.





 Standið aldrei á fótplötum, nema öruggt sé, að þær nemi við gólfið, vegna hættu á veltu framávið.


8.8 Þyngdar- / Jafnvægispunktur


Stillið þyngdarpunkt með því, að breyta stöðu aðalhjóna í aðalhjólafestingum.


- Færið aðalhjólasiðendrið ásamt aðalhjólum. (sjá kafla 6.7)
- Stillið hemla. (sjá kafla 6.8)

-  Tangir (2stk), 24 mm
-  Allen lykill, 5 mm

Þegar aðalhjólina eru færð fram, er auðveldara að stjórna stólnum, en hætta á að hann velti aftur fyrir sig eykst.

 Þyngdarpunktur er einnig hægt að breyta með því að breyta sætishorni og / eða bakhalla.


 Mælt er með notkun veltivarnar.


 Gætið að því, að aðalhjólið og hraðlæsing séu í læstri stöðu. (Kafli 6.6)

8.9 Ýti-hringurinn

Með Netti III hjólastólum kemur sem staðalbúnaður sporöskjulagaður ýtihringur. Efni hans og fjarlægð í aðalhjólið hafa áhrif á getu notanda, til að ná góðu gripi. Hafið samband við söluaðila, til að fá upplýsingar um hentugasta ýtihring fyrir þá stólgerð sem nota á.



 Grip ýtihringa er mismunandi eftir gerðum, en betra grip getur haft í för með sé aukin núning og bruna á höndum.

 Hætta er á, að klemma eða festa finger, þegar farið er um þröng op og ef fingurnir festast í teinunum. Til að minnka hættu á þessu, er ráðlagt að hafa teinahlíf á aðalhjólum.

i Ef nauðsynlegt er að auka / minnka bilið milli ýtihjólsins og aðalhjóls, hafið samband við söluaðila.

9. VIÐHALD

9.1 Viðhald

Berið olíu á alla hreyfanlega hluta stólsins og legur. Alu Rehab mælir með notkun reiðhjólalíu.

! Hægt er að panta málingu frá Alu Rehab, til að gera við rispur og skemmdir á málingu. Vinsamlegast hafið samband við söluaðila, til að panta.

! Ef gallar eða skemmdir koma fram á stólum, hafið vinsamlegast samband við söluaðila.

! Athugið / endurstillið skrúfur og bolta með reglulegu millibili.

Netti hjólastóllinn er gerður úr einingum. Alu Rehab hefur birgðir af öllum þessum einingum og er tilbúið að afgangi með stuttum fyrirvara. Nauðsynlegar leiðbeiningar fylgja þessum aukahlutum.

9.3 Þvottur og hreinsun


1. Fjarlægjið sætis- og bakpúða, áður en stóllinn er þvegin.
2. Hreinsið sætis- og bakpúða eins og mælt er fyrir um á þeim sjálfum.
3. Hreinsið stólrámma með vatni og tusku.
4. Ef stóllinn er spúlaður, forðist að beina bununni beint að gasfjöðrum og merkimiðum.
5. Við mælum með notkun mildrar sápu.
6. Þvoið stólinn vandlega með því að nota hreint vatn, til að skola burt sápu.
7. Notið metanól-vökva, til að fjarlægja þau óhreinindi sem ekki nást annars.


i Hægt er að panta málingu frá framleiðand, til að gera við minniháttar skemmdir á málingu.

Tíðni	Vikulega	Mánalega
Almenn athugun: hemlar, o.s.frv.	X	
Smurning		X
Hjólastóll þvegin		X
Púðar þvegnir		X
Veltivörn athuguð		X
Hemlastilling		X
Slit hjóla		X

9 BILANAGREINING

Einkenni	Ástæða / viðbrögð	Handbókar- kafla
Stóllinn leitar til hægri / vinstri	* Horn framhjólalegu er ekki 90° m/v jörðu	6.4
	* Athugið hvort framhjólum er komið fyrir í sömu hæð	6.2
	* Aðalhjólin eru ekki réttilega fest	6.7
	* Annar hvor hemlanna gæti verið ofhertur	6.8
	* Notandi situr skakkur í stólnum	
	* Handstyrkur notanda er meiri öðru megin	
Stóllinn er þungur í stjórn	* Aðalhjólin eru ekki réttilega fest	6.7
	* Hreinsið óhreinindi af framhjólum og framgöfllum	
	* Of mikill þungi á framhjólum, stillið jafnvægið	
Erfitt er að snúa / beygja	* Athugið að framhjólin séu ekki ofhert	6.2
	* Stillið horn lagerhúss	6.4
	* Of mikill þungi yfir framhjólum, stillið jafnvægi	
Kast á framhjólum	* Of mikill þungi yfir framhjólum (Stillið jafnvægispunkturinn með því að færa aðalhjól aftur)	6.2
	* Framhjól eru vitlaust sett á eða stillt	6.2
	* Horn framhjólalegu m/v jörðu er ekki 90°	6.4
Erfitt er að taka aðalhjólin af og setja á.	* Hreinsið og smyrjið hraðlæsingu	6.6
	* Stillið lengd lagerhúss	6.7
Hemlar virka ekki vel. Hjólástóllinn virkar óstöðugur	* Stillið hemla	6.8
	* Athugið skráfur og stillingar	

 Vinsamlegast aflið upplýsinga hjá söluaðila, til aðstoðar við lausn vandamáls, ef þessi tafla hjálpar ekki.

 Varahlutir fást hjá söluaðila.

10 GÆÐAPRÓF OG ÁBYRGÐ

Netti III

Hjólástóllinn hefur verið prófaður og samþykktur fyrir notkun innan dyra sem utan. Stóllinn er CE viðurkenndur.

Hámarks þungi notanda: 125 kg

TÜV Product Service GmbH



En 12183: 1999

Prófaður og samþykktur í árekstrarprófi: ISO 7176/19.

CE-merking

CE-merking er staðfesting þess, að stóllinn uppfyllir kröfur Evrópusambandsins um sjúkravörur.




Ábyrgð á stólgrind

Efnis- og / eða framleiðslugalli í stólgrind hefur fimm ára ábyrgð.

Efnis- og / eða framleiðslugalli á baki, örmum og fótstuðning er eitt ár.

Púðar, dekk og teinar eru ekki í ábyrgð.

 Skemmdir, sem ábyrgð nær til, verða bættar með viðgerð eða skipt verður um skemmdan hlut. Ef þú ert í vafa, hafðu samband við söluaðila.

Sérhæfðar stillingar eða breytingar

Sérhæfðar stillingar eða breytingar eru allar þær stillingar og breytingar (aðlaganir) sem

ekki er greint frá í handbók þessari. Hjólástólar, sem eru sérstaklega breyttir eða stilltir að þörfum notanda, geta ekki haft CE-merkingu sem Alu Rehab A.S. í Noregi gefur. Undir slíkum kringumstæðum fellur ábyrgð Alu Rehab A.S í Noregi niður. Allar nánari upplýsingar og skýringar á sérútbúnaði fást hjá Alu Rehab A.S

Sérútbúnaður, sem ekki er framleiddur af Alu Rehab A.S og notaður er með Netti hjólástólum, ógildir ábyrgð og CE-merkingu.

Alu Rehab A.S hefur gert sérsamning við nokkra framleiðendur um framleiðslu einstakra aukahluta sem notaðir eru með Netti.



Allar nánari upplýsingar gefur söluaðili eða Alu Rehab A.S Noregi.

12. MÁL OG ÞYNGD

Stærð*	Dýpt sætis Staðal-búnaður**	Hæð baks*** (famlenging)	Heildar breidd	Þungi
35 cm	40-50 cm	48(60) cm	59 cm	31,0 kg
38 cm	40-50 cm	48(60) cm	62 cm	31,5 kg
40 cm	40-50 cm	48(60) cm	64 cm	31,8 kg
43 cm	40-50 cm	48(60) cm	67 cm	32,9 kg
45 cm	40-50 cm	48(60) cm	69 cm	33,3 kg
50 cm	40-50 cm	48(60) cm	74 cm	34,1 kg
55 cm	40-50 cm	48(60) cm	79 cm	38,7 kg
60 cm	40-50 cm	48(60) cm	84 cm	39,9 kg

* Mælt er milli ytri brúna röra í grind. Bætið 2,5 cm við, til að fá út fjarlægð milli arma.

** Mælt er frá fremri brún sætisplötu að lóm baks, án púða. Ef notaðir eru Smart-bakpúðar, dragið frá u.þ.b. 3 cm.

*** Mælt er frá sætisplötu að toppi velcro-baks.



Þyngd miðast við, að stóllinn sé með framhjól, fótstuðning og arma, en án púða.

Mælt er með, að þrýstingur í dekkjum sé 60 – 65 PSI

Hámarks þyngd notanda er 125 kg. Í
sætisbreiddum 55 cm og 60 cm er Netti
III prófaður og samþykktur fyrir
notendur allt að 150 kg.